

samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að. Við útfyllingu aðflutningsskýrslu skal gefa upp gjaldalykla sem eiga við upprunaland vöru, sbr. reit 33 í aðflutningsskýrslu E-1 og reit 4 í póstaðflutningsskýrslu E-3. Dálkur X kveður á um vörugjald af innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, auk 0,1% eftirlitsgjalds af rafföngum í tollskrárnúmeri 9801.1008, sbr. reglugerð nr. 543/1993. Dálkur V kveður á um áfengisgjald af innfluttu áfengi til eigin nota samkvæmt lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 477/1995 um áfengisgjald, með síðari breytingum.

Á vörur í tollskrárnúmeri 9801.1013 og einnig í tollskrárnúmerum 9801.1021 til 9801.1028 í einnota umbúðum úr málm, gleri eða plastefni skal lagt skilagjald (5,91 króna á hverja umbúðaeiningu), sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum og reglugerð nr. 282/1994, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 14% virðisaukaskatt af vörum í tollskrárnúmeri 9801.1003 og 9801.1011 en 24,5% af vörum í öðrum framangreindum tollskrárnúmerum, sbr. lög nr. 50/1989, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Við útflutning skal vöruliður framangreindra tollskrárnúmera byrja á 9901 í stað 9801.

Ríkistollstjóra er heimilt að bæta vörum eða vöruflokkum við upptalningu í einstökum tollskrárnúmerum hér að ofan, enda beri vörurnar sömu tolla og gjöld og þar um ræðir eða bæta við nýjum tollskrárnúmerum, enda beri vörurnar sem undir þau flokkast sömu aðflutningsgjöld lögum samkvæmt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

AUGLÝSING

um breytingu á viðaukum I og II við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með reglugerð nr. 410/1992.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka I við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breyt. með rg. nr. 410/1992:

Í stað litsins ljósbrúnn á varnarsvæði nr. 26 (Héraðshólf) kemur: Appelsínugulur.

2. gr.


Viðauki II með reglugerð nr. 410/1992 um breytingu á rg. nr. 579/1989 breytist til samræmis við þá breytingu sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar auglýsingar og verður viðauki II með reglugerðinni þannig:

Viðauki II:

Varnarsvæði:

1. Landnámshölf
2. Borgarfjarðarhölf syðra
3. Borgarfjarðarhölf nyrðra
4. Myrahölf
5. Hnappadalshölf
6. Snæfellsnesshölf
7. Dalahölf syðra
8. Dalahölf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhölf
10. Reykjanesshölf
11. Miðvestfjarðarhölf
12. Vestfjarðarhölf
13. Rauðasandshölf
14. Arnarfjarðarhölf
15. Miðfjarðarhölf
16. Vatnssnesshölf
17. Húnahölf
18. Skagahölf
19. Skagafljarðarhölf
20. Eyjafjarðarhölf vestra
21. Eyjafjarðarhölf eystra
22. Skjálfandahölf
23. Oxarfjarðarhölf
24. Slettuhölf
25. Norðausturlandshölf
26. Hérahölf
27. Austfjarðarhölf
28. Suðurfjarðarhölf
29. Suðursveitarhölf
30. Örfænahölf
31. Síðuhölf
32. Skattarlunguhölf
33. Áltavershölf
34. Myrdalshölf
35. Rangárvallahölf
36. Arneshölf

Litamerking búfjár á Íslandi
Svæðaskipting



Tilraunasiðein á Keldum
og Sauðfjárveikivarnir.



3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afrétta-
málefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og
öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna
og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o.fl.,
með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Í stað orðanna „16 ár“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: 18 ár.

2. gr.

Í stað orðanna „er viðkomandi þó heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni
sem þar greinir“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: er viðkomandi þó heimilt að flytja inn það magn sem
umfram er.

3. gr.

3. mgr. 7. gr. fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 1. mgr. 6. gr.
tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28.
maí 1969, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.